



Umhverfis og auðlindaráðuneyti  
Skuggasund 1  
101 Reykjavík

## Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 13. október 2020

### **Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (menntun og þjálfun sundkennara og -þjálfara, eftirlit með starfsemi og athöfnum o.fl.).**

Til umsagnar á Samráðsgátt stjórnvalda eru drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (menntun og þjálfun sundkennara og -þjálfara, eftirlit með starfsemi og athöfnum o.fl.). Samtök iðnaðarins („samtökin“) vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Hvað varðar 1. gr. frumvarpsins og lágmarkskröfur um menntun, þjálfun og endurmenntun, fyrir þá sem vinna við húðrof vilja samtökin koma því á framfæri að nám snyrtifræðinga ætti að vera metið inn í þau skilyrði sem sett eru um þekkingu og fræðslu þeirra sem starfa við húðrof. Snyrtifræðingar hafa lokið þriggja ára bóklegu og verklegu námi til að öðlast starfsréttindi sín. Í náminu læra snyrtifræðingar að beita sóttvörnum og hafa því lágmarkspekkingu og kunnáttu í sóttvörnum. Aukin þjálfun eða hæfnispróf ætti því ekki að eiga við um snyrtifræðinga þótt þeir sinni húðrofi í störfum sínum. Samtökin leggja því til að nám snyrtifræðinga verði metið inn í lágmarkskröfur um menntun, þjálfun og endurmenntun á vegum umhverfisstofnunar.

Hvað varðar þann þátt fyrirbyggjandi draga sem tekið er á í 4. gr. óska SI eftir að koma á framfæri athugasemdum um þær breytingar sem þar eru lagðar til. Ráða má að forsögu þessara breytinga megi rekja til krafna heilbrigðisfulltrúa um aðgang að upplýsingum og eftirlit með eldsneytisflutningum um einstök umdæmi. Hefur í fyrirbyggjandi drögum mál þetta verið útvíkkað á þá vegu að það nær til ótilgreinds hóps starfsemi sem er ekki háð sérstöku leyfi.

SI gjalda þess varhug að lögfest sé með frumvarpi þessu slíkar almennt orðaðar kvaðir á alls óskilgreinda aðila sem afleiðing þessa verða undirorpnir viðbótareftirliti háð geðþóttaákvörðun stjórnarsýslunnar hverju sinni eftir án frekari fyrirsmæla eða skilgreininga. Er um að ræða viðbótareftirlit í viðkomandi starfsemi sem eftir sem áður er eftirlitsskyld vegna einstakra þátta í starfsemi þeirra, t.a.m. vegna búnaðar, tækja og tóla og annað sem kann að heyra undir mismunandi stjórnvöld og eftirlitsaðila. Þá þurfa starfsmenn í einhverjum tilvikum sérstök leyfi vegna starfa og einnig eru aðföng, vinnsla þeirra og flutningur til og frá starfsstöð undir sérstöku eftirliti.

Því má með sanni segja að stjórnvöld hafa þegar í óbreyttu ástandi tryggt bæði almennt öryggi og hagsmuni umhverfisins með umfangsmiklum reglum og víðtæku eftirliti. Ekki verður séð að heimild til heilbrigðisnefnda til aukinnar upplýsingaöflunar eða afskipta af tiltekinni starfsemi auki öryggi eða tryggi aukna umhverfisvernd frá því sem nú er.



Þá er ótalið að boðaðar breytingar eru til þess fallnar að auka á reglubyrði, flækja eftirlit og auka skrifinnsku án þess að því fylgi sérstakur ávinningur. Eina sem liggur fyrir óumdeilt er að þetta mun vera íþyngjandi fyrir fyrirtæki og fela í sér kostnaðarauka.

Gera SI ekki frekari athugasemdir að svo stöddu máli um fyrirliggjandi drög að frumvarpi. Er framangreindu komið á framfæri við umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lára M. K. Ólafsson,  
viðskiptastjóri á framleiðslusviði